



Jóhannes Kjarval á vinnustofu sinni.

Úr Kjarvals-safni

Á Kjarvalsstöðum stendur yfir sýning á verkum Kjarvals sem er sérstök fyrir það að Thor Vilhjálmsson rithöfundur tók að sér að velja verk úr eigu Kjarvalsstaða og stjórna uppsetningu þeirra. Thor hafði góð persónuleg kynni af listamanninum meðan hann lifði og hefur auk þess ritað eina veglegustu bók um Kjarval, bók sem löngu er uppseld.

Sýningar

Með þessari sýningu fæst því persónulegt mat og viðurkenning eins listamanns á einu sviði á verk meistara á öðru sviði. Thor leitar víða fanga í safninu, bæði hvað varðar tímabil og þá miðla, sem meistarinn notaði hverju sinni.

Opið er á Kjarvalsstöðum kl. 10-18 alla daga. Sýningin á verkum Kjarvals stendur til 17. maí. Leiðsögn er um sýningar safnsins alla sunnudaga kl. 16.

Listaklúbbur Leikhúskjallarans:

Hugsað upphátt um Hamlet

Listaklúbbur Leikhúskjallarans er að venju með listakvöld í Leikhúskjallaranum á mánudegi. Í kvöld verður fyrirlestur og umræður um Hamlet, leikritið sjálft og uppfærslu Þjóðleikhússins á því.

Undanfarin ár hafa sýningar íslensku leikhússanna á verkum Shakespeares vakið mikinn úlfabyt og oft harðvítugar deilur. Þær hafa einnig hlotið hástemmt lof. Skrifáðar hafa verið langar greinar í blöð og efnt er til umræðubátta í útvarpi og sjónvarpi og sitt sýnist hverjum. Að þessu sinni er jólasýning Þjóð-

leikhússins á Hamlet engin undantekning. Hefur sýningin vakið mikla athygli og áhorfendur eru á öndverðum meiði um ágæti hennar.

Leikhús

Á dagskránni í kvöld, sem tileinkuð er Hamlet, mun Bjarni Jónsson, leikskáld, leikhúsfraeðingur og dramatúrg sýningarinnar, tala um leikritið og fjalla lítilla um bakgrunn þess. Leikararnir Hilmir Snær

Guðnason, sem fer með hlutverk Hamlets, Stefán Jónsson, sem leikur Hóras, vin Hamlets, og Sigurður Sigurjónsson, sem m.a. leikur grafarann, flytja brot úr sýningunni. Að lokum munu sitja fyrir svörum leikstjórninn Baltasar Kormákur, leiklistarráðunauturinn Bjarni Jónsson og búningahönnuðurinn Filipía I. Elíasdóttir en hún er, ásamt Vytautas Narbutas frá Litáen, höfundur búninga. Kynnir og stjórnandi umræðna er Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins.



Hilmir Snær Guðnason í hlutverki Hamlets í uppfærslu Þjóðleikhússins.



George og Ursula í frumskóginum, Brendan Fraser og Leslie Mann í hlutverkum sínum.

Frumskógar-Georg

Sambíóin sýna George of the Jungle, gamansama ævintýramynd sem gerð er eftir teiknimyndasjónvarpsseríu sem hefur aldrei verið sýnd hér á landi og því er hinn góðlátlegi klunni Georg nýr í augum kvikmyndahúsagesta. Í myndinni tekst George að bjarga hinni fögru borgarsnot, Ursulu, og er það ást við fyrstu sýn. Ursula fær hann til að flytja til stórborgarinnar þar sem hann unni sér illa og snýr því aftur á

Kvikmyndir

heimaslóðir til að bjarga vinum sínum, sem allir eru úr dýrarkínu, frá illum örlögum. Ursula fylgir honum og saman sigrast þau á öllum erfiðleikum.

Í helstu hlutverkum eru Brendan Fraser, Leslie Mann, Thomas Haden Church, Holland Taylor, Richard Roundtree og John Cleese sem að þessu sinni ljær apa rödd sína.

Nýjar myndir:

- Háskólabíó: Eyjan í Prastargötu
- Laugarabíó: Alien: Resurrection
- Kringlubíó: Devil's Advocate
- Saga-bíó: Sjakalinn
- Bíóhöllin: In & Out
- Bíóborgin: Titanic
- Regnboginn: Chasing Amy
- Stjörnubíó: Stíkkfrí

Krossgátan

1	2	3	4	5	6	7
8			9			
10	11				12	
13		14	15			
16				17	18	
	19	20			21	
22			23			

Lárétt: 1 spotta, 5 stóra, 8 drepsótt, 9 hækkaði, 10 gróf, 12 undæmisstafir, 13 sting, 14 snuð, 16 skjótur, 17 planta, 19 fæðir, 21 snemma, 22 knæpa, 23 nuddi.

Lóðrétt: 1 styrkja, 2 komast, 3 skíta, 4 ágóða, 5 hlýr, 6 forfaðir, 7 úrgangsefni, 11 aukast, 12 dreifi, 15 mælarnir, 16 sekt, 18 víður, 20 fell.

Lausn á síðustu krossgátu: Lárétt: 1 sver, 5 rák, 8 lið, 9 Jóna, 10 ók, 11 jól, 13 al, 14 unaður, 15 gata, 17 kná, 19 gró, 20 skin, 21 arma, 22 ara.

Lóðrétt: 1 sló, 2 viknar, 3 eðja, 4 rjóða, 5 ró, 6 árnarnir, 7 kall, 12 lukka, 14 ugga, 16 tóm, 18 ána, 20 sa.

Gengið


Almennt gengi Lí 30. 01 1998 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	73,220	73,600	71,910
Pund	119,790	120,410	120,500
Kan. dollar	50,000	50,320	50,070
Dönsk kr.	10,5010	10,5570	10,6320
Norsk kr.	9,6390	9,6930	9,8670
Sænsk kr.	9,0220	9,0720	9,2350
Fr. mark	13,2130	13,2910	13,3990
Fi. franki	11,9360	12,0040	12,1070
Belg. franki	1,9381	1,9497	1,9639
Swiss. franki	49,5800	49,8600	50,0900
Holl. gyllini	35,5000	35,7100	35,9600
Þyskt mark	40,0200	40,2200	40,5000
It. líra	0,040520	0,040780	0,041260
Aust. sch.	5,6840	5,7200	5,7590
Port. escudo	0,3906	0,3930	0,3964
Spá. peseti	0,4715	0,4745	0,4786
Jap. yen	0,574900	0,578300	0,583300
Irskt pund	100,230	100,850	104,150
SDR	97,540000	98,120000	97,480000
ECU	78,9900	79,4700	80,1900


Símsvari vegna gengisskráningar 5623270

Veður á Faxaflóasvæði næstu viku



— samkv. tölum frá Veðurstofu Íslands —



Vindhraði



Úrkoma - á 12 tíma bíli



Veðrið í dag

Slydda eða snjókoma

Fyrir norðaustan land er vaxandi lægðardrag á leið austur. Um 1030 mb hæð er um 500 km suðaustur af Hvarfi.

Í dag verður fram eftir degi sunn-

an- og suðvestankaldi eða stíning-skaldi og slydda eða snjókoma vestan til á landinu en hæg breytileg átt, skýjað en að mestu þurr austan til. Suðvestan stíninguskaldi, skúrur og hiti 1 til 5 stig allra vestast, en sunnan- og suðaustankaldi, snjókoma og frost 1 til 8 stig annars staðar síðdegis.

Sólarlag í Reykjavík: 17.19
Sólarupprás á morgun: 10.02
Síðdegisflóð í Reykjavík: 22.36
Árdegisflóð á morgun: 11.04

Veðrið kl. 6 í morgun:

Akureyri	skýjað	-3
Akurnes	léttskýjað	0
Bergsstaðir	skýjað	-4
Bolungarvík	skýjað	-2
Egilsstaðir	skýjað	-4
Keflavíkurflugv.	skýjað	2
Kirkjubúkl.	léttskýjað	1
Raufarhöfn	léttskýjað	-8
Reykjavík	skýjað	1
Stórhöfði	skýjað	2
Helsinki	léttskýjað	-16
Kaupmannah.	skýjað	-2
Oslo	alskýjað	-4
Stokkhólmur		-4
Þórshöfn	snjókoma	2
Faro/Algarve	alskýjað	15
Amsterdam	skýjað	-3
Barcelona	léttskýjað	14
Chicago	skýjað	2
Dublin	þokumóða	4
Frankfurt	hálfskýjað	-4
Glasgow	skýjað	7
Halifax	léttskýjað	-2
Hamburg	skýjað	-4
Jan Mayen	léttskýjað	-17
London	skýjað	1
Lúxemborg	léttskýjað	-4
Malaga	rigning á stó. kls.13	
Mallorca	úrcoma í grennd	16
Montreal	heidskirt	-4
Paris	skýjað	-1
New York	heidskirt	0
Orlando	heidskirt	8
Nuuk	rigning	1
Róm		
Vín	léttskýjað	-7
Washington	heidskirt	-7
Winnipeg	þoka	-8



Björg Valdís

Myndarlega telpan á myndinni fæddist á fæðingardeild Landspítalans 25. september síðastliðinn. Hún var við fæðingu 3570 grömm að þyngd og

mældist 52 sentímetra þung. Hún hefur verið skírð Björg Valdís. Foreldrar hennar eru Gunnar Tryggvi Reynisson og Ingibjörg Steina Frostadóttir. Björg Valdís á eina hálf systur sem heitir Alexía Rós og er sex ára gömul.

Barn dagsins